

Fréttabréf

ÚTGÁFA 2/2019

Efnissinnihald

1 Niðurstöður greiningar

- Seinni fundur sérfræðingaráðs Spánar
- Greining á Spáni
- Gildi menningararfleifðarinnar (Ísland)
- Könnun sérfræðinga á menningararfleifðinni (Ísland)
- Seinni fundur sérfræðingaráðs Króatíu
- Greining í Króatíu
- Fyrsti fundur sérfræðingaráðs – Varsjá (Pólland)
- Auðlegð menningararfsins – greining

2 Samstarfsaðilar

3 Næstu skref

- Könnun
- Fyrirhugað námskeið

Niðurstöður greiningar

Niðurstöður greiningar á menningararfi sem höfða til fólks 50 ára og eldri sýna stöðuna í löndum samstarfsaðilana um gildi menningararfleifðarinnar fyrir þennan hóp.

Hvert samstarfsland skrifaði drög að skýrslu þar sem fjallað var um gildi menningararfleifðarinnar í hverju landi.

Í kjölfar þess voru niðurstöðurnar ræddar á seinni fundi með sérfræðingum í hverju landi fyrir sig. Fyrri fundurinn á Íslandi var haldinn í desember 2018 og sá seinni í mars 2019.

Ályktanir sem voru dregnar af niðurstöðunum, spurningakönnun meðal sérfræðinganna og tilmælum þeirra verða nýttar í næstu áföngum verkefnisins.

Hver samstarfsaðilanna gerðu skýrslu þar sem skýrt er frá niðurstöðum greiningarinnar og verður birt á heimasíðu verkefnisins www.heimheritage.eu.

SPÁNN

SEINNI FUNDUR SÉRFRÆÐINGARÁÐS SPÁNAR

Spænska HeiM teymið hélt seinni fundinn með sérfræðingaráði sínu 12. mars 2019. Tilgangur fundarins var að meta niðurstöður úr spurningakönnun sem lögð var fyrir ráðið og fyrstu niðurstöður úr greiningunni.

GREINING Á SPÁNI

Í kjölfar frumrannsóknar um menningararfleifð sem í boði eru á Alicantevæðinu til þess að fullgera þann lista yfir menningartengd verðmæti og einstaka þætti þeirra sem sérfræðingaráðið lagði til, höfum við unnið eftir þremur

Verkefnið tengir og
dregur fram
evrópskan
menningarauð og
gildi menningarlegs
fjölbreytileika



meginlínum. Þær eru: að taka saman þær upplýsingar sem sérfræðingarnir veittu og leggja fram fyrstu drög að lista yfir þann menningararf sem þeir mæltu með; fá upplýsingar hjá Ferðamálastofu Alicante um menningararfleifðina; og að lokum leita gegnum gáttir Ferðamálastofnana á veraldarvefnum.



Nýstárlegar aðferðir í
þjálfun fullorðinsfræðslu
munu verða beitt í
þessum áfanga.

ÍSLAND

GILDI MENNINGARARFLEIFÐARINNAR

Menningararfleifð er mikilvægur þáttur í sjálfsmynd hvernar manneskju. Hún er jafnframt grundvöllur myndun tengsla og samstöðu í litlum sem stórum samfélögum. Eldra fólk ber sérstaklega ábyrgð á að vernda og kynna menningararfleifðina. Til viðbótar við þessa sérstöku stöðu eldra fólks, þá ber því skylda til að færa menningararfleifðina nær þeim sem yngri eru. Það er gífurlega mikilvægt fyrir myndun félagslegrar samstöðu kynslóðanna að eldra fólk takist að rækja þetta hlutverk sitt sem best.

KÖNNUN SÉRFRÆÐINGA Á MENNINGARARFLEIFÐinni

Til þess að kanna hvernig íslensku sérfræðingarnir skynjuðu og mátu gildi íslensku menningararfleifðarinnar fengu þeir senda spurningakönnun. Niðurstöður hennar sýna að sérfræðingarnir skilgreina menningararfleifð sem allt það em flyst á milli kynslóðanna og að við metum gildi mikilvægi þess menningarfs meira sem við teljum í hættu að gleymist eða glatist. Gengið er út frá að eldra fólk skilji þetta betur en nokkur annar.



KRÓATÍA

SEINNI FUNDUR SÉRFRÆÐINGARÁÐS KRÓATÍU

Króatíska HeiM teymið hélt seinni fund sinn með sérfræðingaráðinu 27. mars 2019. Markmiðið með fundinum var ekki aðeins að kynna ráðinu niðurstöður úr könnuninni heldur og að ákveða hvaða virkar leiðir að menningararfleifðinni skyldu vera á lista verkefnisins og hverjar ekki.

GREINING Í KRÓATÍU

Króatíska HeiM teymið hélt fyrsta fund sinn með sérfræðingaráðinu í Zagreb þann 16. janúar 2019. Markmið fundarins var að hlusta á skoðanir fólks, sem hafði ólíkan faglegan bakgrunn, um menningararfleifð á Zagreb svæðinu. Sérfræðingarnir voru beðnir um að koma með tillögu um virkar leiðir í Zagreb að mismunandi tegundum menningararfs og sem 50 ára og eldri gætu haft áhuga á. Eftir fundinn sendi króatíska HeiM teymið spurningakönnun til sérfræðinganna en ekki aðeins til þeirra, heldur einnig til annarra almennra borgara sem mátti búast við að hefðu áhuga á verkefni af þessu tagi.

Áhugaverðar niðurstöður úr könnunum gerðu teyminu kleyft að búa til lista yfir 15 áhugaverðar leiðir með mismunandi þemum. Til þess að bæta við meiri upplýsingum um virkar leiðir, sem var gerð tilaga um fyrir annan fund með sérfræðingunum, kynnti teymið sér ýmisskonar fróðleik um sögu Zagreb í bókum, leiðbeiningabæklingum sem og á veraldarvefnum. Á seinni fundinum lögðu sérfræðingarnir fram tillögur um hvaða virku leiðir mætti tengja saman svo úr yrði ein leið sem varð til þess að leiðunum var fækkað úr fimmtán í níu. Tíminn mun svo leiða í ljós hvaða niðurstöðum nýja könnuninni skilar og hvert þær munu leiða okkur.

Það er erfitt að gera lítið úr neikvæðum áhrifum þess að fara á eftirlaun og eldast án þess að undirbúa sig fyrirfram þar sem undirbúningurinn gefur möguleika á að vera virkur, heilsuhraustur og félagslega vel tengdur á eftirlaunaárunum.



Sérfræðingahópurinn er ekki aðeins ráðgefandi heldur mun hann leiða ferlið frá upphafi og sjá um að þessi áfangi muni raunverulega sýna hvað skortir í þjálfun og þörfum eldra fólks svo það sé ekki eingöngu sérfræðingir heldur að auki framverðir í að kynna hvað felst í evrópsku menningararfleifðinni.



PÓLLAND

FYRSTI FUNDUR SÉRFRÆÐINGARÁÐS – VARSJÁ (PÓLLAND)

Sérfræðingaráð Póllands í HeiM verkefninu, "Heritage in Motion" hélt fyrsta fund sinn þann 21. janúar 2019. Í sérfræðingaráðinu eru fulltrúar frá menningarstofnunum, frjálsum félagasamtökum í Varsjá og fulltrúar frá öðrum aðilum sem beita sér í málefnum eldra fólks.

Á fundinum fengu sérfræðingarnir tækifæri til þess að kynna starfsemi og tillögur lagðar fram af fulltrúum stofnana sem taka sérstaklega mið af fólki 60 ára og eldra. Í umræðum á fundinum vísuðu sérfræðingarnir í tilboð safna og menntastofnana í Varsjá sem beindust að eldra fólki. Auðlindir sem í boði eru voru ræddar út frá aðdráttarafli þeirra fyrir eldra fólk og hversu gagnlegar þær væru til að virkja það.

Á fundinum var einnig vakin athygli hvað væri í boði og hvaða menningararfleifð á Mazovia-svæðinu höfðuðu til fólks 60 ára og eldra en sú greining er fyrsti áfangi í vinnu HeiM verkefnisins í Póllandi.

Áhersla var lögð á að skilgreindar leiðir að menningararfinum yrðu að vera aðgengilegar fyrir alla og sérstaklega fyrir þá sem ættu við einhverskonar fötlun að stríða.

AUÐLEGD MENNINGARARFSINS - GREINING

Til þess að sannreyna greininguna voru valin sérstök atriði fyrir hverja leið að menningararfinum sem eldra fólk gæti haft áhuga á á grundvelli reynslu og áhuga ferðastofnana á svæðinu. Í kjölfarið var kannað hvaða möguleikar væru í boði hjá mismunandi stofnunum sem byggði á því sem hver stofnun hefði fram að færa og viðræðum við við fulltrúa þeirra. Við ákváðum að nota sama líkan til þess að lýsa hverri stofnun; SVÓT greiningu þar sem metin er styrkur, veikleikar, tækifæri og ógnanir.

Í samræmi við það sem kemur fram hér að ofan var reynt að sýna margbreytileikann. Það á við um rekstur einstakra stofnana og svo einkum nálgun þeirra á að gera menningararfinn aðgengilegan fyrir markhópa, sérstaklega eldra fólk og menntunarframboð á sviðinu.

Kjarninn í hugtakinu um þróun ferðamennsku tengda menningararfinum liggur í að tefla fram bestu dæmunum í að samræma efnahagslega þróun við þá virðingu fyrir staðbundinni menningu og náttúruauðlindum sem er grundvöllur menningarferðaþróunar. Upplifun eldra fólks á menningararfinum felst í að dvelja á staðnum, endurlifa minningar, deila reynslu með öðrum og byggja upp félagsleg tengsl inn í framtíðina.



Samstarfsaðilar

Permanent University of the University of Alicante
Spain

Tengiliður: Marian Alesón Carbonell
upua.internacional@ua.es
web.ua.es/upua



U3A Reykjavík
Iceland

Tengiliður: Ingibjörg Guðlaugsdóttir
ingibjorg.rannveig@gmail.com
www.u3a.is



Towarzystwo Demokratyczne Wschód
Poland

Tengiliður: Aleksandra Kujawska
akujawska@tdw.org.pl
www.tdw.org.pl



Pucko otvoreno učilište Zagreb
Croatia

Tengiliður: Tihomir Ziljak
tihomir.ziljak@pou.hr
www.pou.hr



Næstu skref

KÖNNUN

Hvert samstarfsland HeiM verkefnisins mun gera könnun meðal eldra fólks með það að markmiði að leggja mat á hvernig það skynjar gildi menningararfleifðarinnar, möguleikana á aðgengilegum leiðum og hvort það trúir á þörf þess að eiga virkt líf. Niðurstöður könnunarinnar mun gefa kost á að forgangsraða því sem niðurstöðurnar gefa til kynna og lýsa möguleikum og greina gildi menningararfsins.

Niðurstöður könnunarinnar munu sýna fram á áhuga eldra fólks og hvað veldur því að það vill auka þekkingu sína á menningararfinum og halda áfram að vera virkt. Niðurstöðurnar mun jafnframt gera okkur kleyft að eiga samskipti við markhóp verkefnisins og kynna markmið þess. Könnunin verður send til að minnsta kosti 100 einstaklinga í hverju landi samstarfsaðilanna.

FYRIRHUGAÐ NÁMSKEIÐ

Í hverju samstarfslandanna mun 20 einstaklingum verða boðið að taka þátt í námskeiði og þjálfaðir með því að kanna mismunandi leiðir að menningararfeifðinni með ýmissi tækni og tækjum.